

Notandi: "Helga Björk Laxdal" <helga.laxdal@reykjavik.is>
Dagsetning: 17.4.2018 12:49:13
Til: "Anna Kristinsdóttir" <Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is>
Afrit til: "Kosningar" <kosningar@reykjavik.is>
Efni: Aðgerðir til að auka kosningaþátttöku

Heil og sæl.

Vísað er til meðfylgjandi erindis dags. 6. apríl sl. varðandi samstarf við Háskóla Íslands vegna aðgerða til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningunum sem fram fara 26. maí nk. Erindið var kynnt yfirkjörstjórn Reykjavíkur á fundi hennar sem haldinn var 11. apríl sl. þar sem undirritaðri var falið að koma svohljóðandi niðurstöðu yfirkjörstjórnar á framfæri.

Hvorki yfirkjörstjórn né skrifstofa borgarstjórnar telur unnt að svara því hvort farsímaskilaboð í farsíma valins hóps nýrra kjósenda til að minna á kosningarnar og eða komandi kosningar teljist til markaðssetningar. Til að unnt sé að taka afstöðu til málsins þarf að liggja fyrir hverjir senda viðkomandi skilaboð og hvert efni þeirra er nákvæmlega. Niðurstaðan getur þar að auki einungis verið leiðbeinandi og þar af leiðandi er eðlilegast að leita beint til Póst- og fjarskiptastofnunar sem er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 sbr. ákvæði laga um kosninga til Alþingis nr. 24/2000 ber yfirkjörstjórn að búa um allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum að talningu og uppgjöri loknu. Áður en það gerist eru unnar skýrslur um kjörsókn samkvæmt beiðnum Hagstofu Íslands með vísan til 5. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Yfirkjörstjórn lítur svo á að til þess að það mögulegt sé að safna upplýsingum úr kjörskrá að afloknum kosningum þurfi það að gerast áður en kjörskrá er innsiglið og samkvæmt beiðni Hagstofu Íslands með vísan til ofangreindrar lagaheimildar.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkur

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri

Helga Björk Laxdal.
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4700
tölvupóstfang: helga.laxdal@reykjavik.is